

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 71/1917

Matthias Hallgrímsson
gegnSveini Björnssyni f. h.
Brunabótafélags Íslands.

D ó m u r :

Við ársbyrjun 1917 tók Brunabótafélag Íslands, sem stofnað var með lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, til starfa, og frá þeim tíma tók félagið í brunabótaábyrgð húseign áfrýjanda Matthíasar kaupmanns Hallgrímssonar á Siglufirði, og krafði húseigandann um brunabótaiðgjald fyrir tímabilið frá 1. jan. til 15. okt. 1917, kr. 52,48 að viðbættu gjaldi fyrir virðingu hússins 9 kr. og gjaldi fyrir brunabótaskirteini 50 aura, samtals kr. 61,98, en með því að húseigandinn neitaði að greiða gjöld þessi, krafðist umboðsmaður félagsins á Siglufirði að upphæðin væri tekin lögtaki. Lögtaksbeiðnin var tekin fyrir í fógetarétti Eyjafjarðarsýslu 28. júní f. á. og eftir að gjörðarþoli hafði komið fram með mótmæli sín gegn lögtakinu, kvað fógetarétturinn daginn eftir 29. s. m. upp þann úrskurð, að hin umbeðna lögtaksgjörð skyldi fara fram, en til þess að komast hjá lögtaki í húsinu greiddi áfrýjandi, að geymdum rétti til áfrýjunar, hina umkröfðu upphæð ásamt áföllnum kostnaði við lögtakið. Úrskurði þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. ág. f. á. og krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og hann sýknaður af kröfum brunabótafélagsins, eða til vara að hann verði ekki skyldaður til að greiða hærri iðgjald en kr. 32,97. Enn fremur mótmælir hann að

sér sé skylt að greiða umkrafið virðingargjald 9 kr. og skirteinisgjald 50 auru. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir fúgetarétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Framkvæmdarstjóri brunabótafélagsins, Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður, sem stefnt hefir verið fyrir félagsins hönd, hefir krafist þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Fyrir fúgetaréttinum hélt áfrýjandi því fram, að hann væri ekki skyldur til að vátýggja umrætt hús í Brunabótafélagi Íslands eða að minsta kosti ekki skyldur til að vátýggja það fyrir $\frac{5}{6}$ hlutum virðingarverðs, og heldur hann fram þessum mótmælum hér fyrir réttinum.

Með áðurnefndum lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, 2. og 3. gr., er skylduvátýgging lögleidd á öllum húseignum, að undanskildum húseignum landsjóðs, í kaupstöðum utan Reykjavíkur og kaupsínum með 300 íbúum fyrir $\frac{5}{6}$ hlutum verðs. Þar sem það nú ekki er vefengt að Siglufjarðarkauptún hefir meir en 300 íbúa, er enginn vafi á því, að áfrýjanda er skylt að vátýggja umrædda húseign sína í Brunabótafélagi Íslands og greiða iðgjöld til félagsins fyrir vátýgginguna samkvæmt reglugjörð fyrir brunabótafélagið 16. jan. 1917. En ágreiningur er milli málsaðila um upphæð iðgjaldsins. Framkvæmdastjóri félagsins telur það 14 pro mille, sem er samkvæmt flokkunarreglum og iðgjaldtaxta félagsins lægsta gjald á timburhúsum sem notuð eru til kvikmynda-

sýninga, en áfrýjandi telur það rangt að telja hús þetta kvikmyndahús, það sé samkomuhús og verði að líkindum alls eigi notað til kvikmyndasýninga árið 1917, að minsta kosti verði það ekki notað til kvikmyndasýninga nema stuttan tíma af árinu, og verði ákveðið að nota húsið þannig, þá verði húsið vátrygt sem kvikmyndahús þann tíma. Telur hann sér því ekki skylt að greiða hærra iðgjald fyrir húsið, en ákveðið sé um almenn samkomuhús og telur hann gjald þetta vera kr. 32,97 fyrir umrætt tímabil frá 1. jan. til 15. okt. 1917.

Við þetta er það að athuga, að í virðingargerðinni, er fram fór 1. des. 1916 af virðingarmönnum félagsins, er húsið talið kvikmyndahús, og það sést, að húsið er útbúið til slíkra sýninga. Undir þessa virðingargerð hefir áfrýjandi, sem er talinn eigandi hússins, ritað athugasemdalaust, og verður þá að líta svo á, að brunabótafélagið hafi haft fullan rétt til að reikna brunabótaiðgjaldið eins og það hefir gert, og þótt áfrýjandi við lögtaksgerðina hafi haldið því fram, að engin ákvörðun hafi verið tekin um það, að nota ætti húsið til kvikmyndasýninga, getur það enga breytingu gert á iðgjöldunum fyrir þann tíma, er hér ræðir um, því lækkun iðgjalds, sem ætti að byggjast á nýjum upplýsingum, á samkv. 61. gr. reglugerðar félagsins að teljast frá 15. okt. næst á eftir.

Samkvæmt 20. gr. í nefndum lögum og 35. gr. í reglugerð félagsins má taka gjöld fyrir virðingar á brunabótaskyldum húseignum lögtaki, og þar sem virðingargjaldið er rétt talið, þar einnig að taka það lög-

taki. Hins vegar ekki álitð, að lögtaksréttur fylgi gjaldi því, 50 aorum, er félagið reiknar sér fyrir að gefa út skirteini, og ber því að fella lögtaksúrskurðinn úr gildi að þessu leyti.

Eftir atvikum virðist rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirrétti og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður er úr gildi feldur að því er snertir umkrafið skirteinisgjald 50 aora, en staðfestist að öðru leyti. Áfrýjandi, Matthías Hallgrímsson, greiði stefnda, Sveini Björnssyni, fyrir hönd Brunabótafélags Íslands í málskostnað fyrir yfirdómi 25 kr.

Hinn ídæmda málskostnað ber að greiða áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 51/1917.

Þorlákur Einarsson
gegn

Jóni Markússyni.

Dómur:

Með byggingarbréfi dags. 6. ág. 1913 byggði Jón